

Vík. 27.1.2010

Athugasemdir við aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Undirritaður fagnar umræddri aðalskipulagstillögu um láglandisveg norðan Dyrhólaóss með göngum í gegnum Reynisfjall og vegi sunnan Víkurþorpsins. Þessi veglína sem sveitarstjórn hefur mælt með fullnægir best öllum kröfum með tilliti til umferðaröryggis, styttingu hringvegjar og láglandisvegi allt frá Hellisheiði og austur á land.

Undirritaður lýsir hinsvegar miklum áhyggjum af hugmyndum um staðsetningu sjóvarnargarðsins og hugmyndum að verklagi við gerð hans.

Samkvæmt uppdrætti er garðurinn teiknaður uppi á melbakkanum eða núverandi sjávarkambi og meðfram eða á núverandi flóðvarnargarði. Samkvæmt takmörkuðum upplýsingum virðist hugmyndin að aka grjótinu á um 50 metra breitt belti við og á núverandi flóðvarnargarð og bíða svo og láta ágang sjávar sjá um að grafa undan þessu belti og grjótið þá falla niður í fjöruna og grafast þar niður í fjörusandinn.

Sé þessi ótrúlega hugmynd rétt, vill undirritaður gera eftirfarandi athugasemdir:

Áætlunin gerir ráð fyrir 40.000 rúmmetrum grjóts í fyrsta áfanga eða um 100.000 tonnum.

Miðað við að þyngd hvers steins sé milli 2 og 4 tonn, verða þetta milli 25.000 til 50.000 steinar.

Allir þessir steinar eiga eftir að falla eða skriða niður smátt og smátt um 5 til 10 metra á sirka 5 til 8 ára tímabili sem það gæti tekið sjóinn að éta 5 til 10 metra þykkt sandlag undan þessari grjót dyngju. Þetta gæti þýtt 10.000 steina á ári á hreyfingu og hver og einn þessara steina yrði slysaöldra eða tímasprengja gagnvart þeim ferðamönnum og heimafólki sem legði leið sína niður í Víkurfjöru, að ekki sé talað um sjónmengun af þessu fyrirkomulagi.

Rangæingar og Skaffellingar hafa barist við náttúruöflin af völdum flóða og landeyðingar, allt frá því að Þrasi í Skógum og Loðmundur á Sólheimum veittu Jökulsá á Sólheimasandi á hvorn annan með kukli og göldrum.

Með nútíma tækni og margra ára reynslu hefur gefist best að grafa sem dýpsta geil meðfram varnargörðunum og raða síðan grjótinu í hana og upp með garðinum með góðum fláa.. Þetta hefur alls staðar gefist vel eins og dæmin sanna.

Ef sturta á grjótinu ofan á það land sem á að verja, og bíða síðan eftir því í fjölda ára að landið og grjótið hverfi í hafið, eru það óskiljanleg vinnuvísindi og aðeins til þess fallin að eyða því landi sem við erum að berjast við að vernda. Skapa gríðarlega slysaættu, eyðileggja ásýnd strandarinnar, og gera allar framtíðaráætlanir um þjóðveg, sunnan Víkurbyggðar, mun erfiðari. Nema það sé tilgangur hugmyndarinnar að koma í veg fyrir að vegagerð verði möguleg sunnan Víkur.

Áhugamenn í félagsskapnum "Betri byggð" hafa þegar grjótvarið fjörukambinn á litlum kafla vestan Víkurár í tilraunaskyni. Hagkvæmast og árangurríkast er að halda áfram með þessa grjótvrörn í fjörukambinum, eða jafnvel ennþá nær sjónum. Hún þarf ekki að vera hærrí en fjörukamburinn og því til engra lýta umfram það rofabarð sem nú er. Síðan má fylla í skörðin og hækka ef með þarf. Það er mjög sjaldgæft að sjávarlöður gangi upp á kambinn, en þar sem fyrirstaða er enginn skolast jafnt og þétt úr sandbakkanum eins og dæmin sanna.

Með þessu verjum við allt það land sem eftir er sunnan Víkur og höldum opnum framtíðar möguleikum á vegagerð og jafnvel smábátahöfn, sem okkur var eitt sinn lofað við Reynisfjallið. Við megum einfaldlega ekki missa einn einasta meter til af því landi sem eftir er sunnan Víkurþorps.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir til skýringar á staðhátum.

Virðingarfyllst, Reynir Ragnarsson kt.160134-3139

(Vann 25 ár sem vélamaður og verktaki á Suðurlandi og mikið við varnargarða og vegagerð)

Reynir Ragnarsson



Eigum við að forna þessu landi í hafið að flóðvarnagarðinum og eyðileggja framtíðarmöguleika okkar til véggagerðar og mögluleika til lendingarbóta og smábátahafnar?

Sjáið þið fyrir ykkur tveggja til fjögura metra grjótbelti ofan á þessum sjávarkambi?



Hvað er því til fyrirstöðu að halda áfram með svona grjótvörn úr betra grjóti í fyrsta áfanga?



Hvað gæti verið því til
fyrirstöðu að halda áfram með
grjótvörnina og koma í veg fyrir
frekari landeyðingu?,
Ekki má glata meira landi sunnan
Víkur

